

# Á R S S K Ý R S L A

2019



**HEILSUGÆSLA**  
HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

- hér fyrir þig -

# ÁVARP FORSTJÓRA

Árið 2019 var fyrsta ár mitt sem forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og það hefur verið ánægjulegt að starfa með þeim öfluga hópi starfsmanna sem vinnur hjá stofnuninni.

Umsvif heilsugæslunnar hafa aukist til muna síðustu ár enda hefur hún notið velvildar ráðamanna og töluverðu viðbótar fjármagni verið varið til heilsugæslunnar.

Fjármagnið er einkum í einstök verkefni, t.d. geðheilsuteymi, sálfræðiþjónustu fyrir börn og fullorðna, þjónustu sjúkráþjálfara og eflingu heimahjúkrunar með þverfaglegu endurhæfingarteymi. Þá hefur töluvert fjármagn farið til þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu. Allt þetta skilar betri heilbrigðisþjónustu og bættu heilbrigði þar sem áhersla er lögð á að veita rétta þjónustu á réttum stað á réttum tíma.

Í stefnumótun sem starfsmenn unnu á árinu er lögð áhersla á þá framtíðarsýn að heilsugæslan sé grunnstoð heilbrigðisþjónustu. Hlutverk okkar er að vera fyrsti viðkomustaður og veita samfellda þjónustu auk þess að styðja þróun og vísindi skjólstæðingum okkar til hagsbóta. Í þjónustunni eru gildin okkar: virðing, samvinna, fagmennska, alltaf grundvöllurinn.

Í mars 2019 greindust mislingar á Íslandi. Þá fór af stað ferli þar sem starfsmenn m.a. skipulögðu umfangsmikið bólu-setningarátak á nokkrum klukkutímum og sýndu svo um nokkurra vikna skeið framúrskarandi sveigjanleika og samtakamátt. Þarna kom greinilega í ljós mikilvægi forvarna sem eru kjarninn í starfsemi heilsugæslu og hvers heilsugæslan er megnug.

Nú á árinu 2020 þegar þetta er skrifað vitum við að þetta var bara forsmekkurinn af áskorunum sem heilsugæsla þarf að geta tekist á við. Öll COVID-19 sagan verður gerð upp í næstu ársskýrslu en nú er mér ofarlega í huga stolt yfir því að starfa með þessu frábæra fólki, starfsmönnum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

HH - Hér fyrir þig

Óskar Reykdalsson forstjóri



# HLUTVERK

Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) er að vera fyrsti viðkomustaður þeirra sem þurfa á almennri heilbrigðisþjónustu að halda. Jafnframt er það hlutverk okkar að veita samfellda þjónustu fyrir skjólstæðinga okkar. Innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fer fram virk þróunarstarfsemi, t.d. með kennslu og er það jafnframt hlutverk stofnunarinnar að stuðla að framþróun í vísindum, m.a. með því að nýta tækninýjungar og efla vísindastarf.

Áherslur í stefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru:

**Þjónusta** – að veita aðgengilega, samfellda og heildræna þjónustu.


Að tryggja rétta þjónustu á réttum stað og á réttum tíma.

**Gæði og öryggi** – að nota þjónustukannanir, atvikaskráningar, innri gæðaúttektir og virka endurgjöf til að tryggja virka nýtingu gæðaviðmiða.

**Mannauður** – að tryggja ánægju starfsfólks og gera HH að eftirsóknarverðum vinnustað með því að stuðla að heilbrigðri vinnustaðamenningu.

**Samstaða** – að hafa samvinnu á milli starfseininga og í samfélagi.

Gildi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem eru grundvöllur að allri þjónustu eru virðing, samvinna og fagmennska.



# BREYTINGAR OG STÖÐUGLEIKI

## BREYTINGAR Í FRAMKVÆMDASTJÓRN OG NÝIR SVÆÐISSTJÓRAR

Á árinu voru talsverðar breytingar á framkvæmdastjórn HH. Óskar Reykdalsson sem áður var framkvæmdastjóri lækninga var settur forstjóri í upphafi árs og svo ráðinn forstjóri frá og með 1. apríl til fimm ára. Sigríður Dóra Magnúsdóttir, áður svæðisstjóri í Heilsugæslunni Miðbæ, tók við sem framkvæmdastjóri lækninga tímabundið í janúar og með ráðningu frá 15. maí. Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar tók við í desember 2018 þannig að meirihluti framkvæmdastjórnar er nýr í því starfi þó öll séu þau með mikla reynslu af heilsugæslu. Í framkvæmdastjórn eru fyrir Jónas Guðmundsson framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar og og Svava Kristín Þorkelsdóttir framkvæmdastjóri mannauðs og nýliðunar.

Nokkrir svæðisstjórar á heilsugæslustöðvum voru ráðnir á árinu. Hildur Svavarsdóttir í Hlíðum, Kristján Oddsson í Hamraborg, Kristín Þorbjörnsdóttir í Mjódd, Hörður Björnsson í Miðbæ, Dagný Hængsdóttir í Mosfellsumdæmi, auk Írisar Daggar Harðardóttur teymisstjóra í Geðheilsuteymi suður.

## REYNSLA ER KJÖLFESTAN

Í desember fengu þeir starfsmenn sem náð hafa 20 ára starfsaldri hjá HH viðurkenningu fyrir áfangann. Sú hefð hefur skapast að á þessum tímamótum er afhentur listmunur eftir Koggu, eggid svokallaða.

Hlutverk HH er fjölbreytt og starfsmenn HH sinna krefjandi verkefnum. Allir starfsmenn HH eru jafnmikilvægir til að allt gangi upp. Reyndir starfsmenn eru kjölfestan í starfinu.



# STEFNUMÓTUN

Þann 8. maí 2019 var stefnumótunardagur hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) með þátttöku stjórnenda á öllum starfsstöðvum auk framkvæmdastjórnar og lykilstarfsmanna á skrifstofu.

Vikurnar á undan fóru fram undirbúningsvinna með þátttöku allra starfsmanna HH. Fulltrúar framkvæmdastjórnar fóru á allar stöðvar og héldu fundi með starfsfólki, þar sem unnið var í hópum og safnað saman hugmyndum, sem var svo áfram unnið með á stefnumótunardeginum.

Dagurinn var frábær. Byrjað var á fræðsluerindum en svo var unnið í stærri og minni hópum. Skerpt var á framtíðarsýn, hlutverki og undirstöðum.

Ný gildi voru valin fyrir stofnunina: Virðing – Samvinna – Fagmennska.

Síðast en ekki síst var lagt fram slagorðið Hér fyrir þig en í því kristallast þjónusta heilsugæslustöðva og annarra starfstöðva í nærumhverfi skjólstæðinga.

Afrakstur dagsins sést á mynd af húsinu hér annars staðar í skýrslunni.



## KYNNING OG MIÐLUN

Heilbrigðisfræðsla er stór hluti af heilsugæslustarfinu. Það er áskorun að ná til fólks og mikilvægt að nota fjölbreyttar leiðir.

Í samstarfi við Morgunblaðið hafa starfsmenn okkar skrifað greinarröðina Heilsuráð til birtingar í blaðinu á fimmtudögum. Greinaskrifin færðust milli starfsstöðva og fjölmargir starfsmenn komu að skrifunum. Efni greinanna tengdist annað hvort árstíðinni og málefnum í umræðunni eða sérþekkingu og áhugasviði einstakra starfsmanna.

Í greinunum er auk efnisins alltaf fjallað um þjónustu heilsugæslunnar og/eða bent á vefinn Heilsuvera.is. Þessar greinar eru svo endurbirtar samdægurs á vef HH, heilsugaeslan.is, og deilt þaðan á Facebook-síðu stofnunarinnar. Þannig ná greinarnar enn meiri dreifingu.

Um haustið var svo farið af stað með sjónvarpsþætti í samstarfi við sjónvarpsstöðina Hringbraut. Þættirnir Heilsugæslan voru alls 8 á

árinu 2019 og svo nokkrir eftir áramót. Uppbygging þáttanna var þannig að tveir starfsmenn HH komu í viðtal á sjónvarpsstöðina og töluðu um fyrirfram ákveðin efni sem tengdust þjónustu eða sjúkdómum. Í lok þáttanna var svo vettvangsheimsókn, t.d. á heilsugæslustöð. Þessum þáttum var einnig deilt á miðlum HH.

Fyrri hluta árs voru gerð nokkur stutt myndbönd um þjónustu heilsugæslunnar í samstarfi við Landspítala Háskólasjúkrahús. Markmiðið var að vekja athygli á heilsugæslunni sem fyrsta viðkomustað og minnka þar með álagið á bráðamóttökuna.

Þessi myndbönd voru birt á samfélagsmiðlum sem partur af kynningarátaki um þetta efni. Mælanlegur árangur var af átakinu þegar skoðaðar voru komur á bráðamóttöku.



## AUKIN ÞJÓNUSTA

### GEÐHEILSUTEYMI

Undirbúningur að starfsemi Geðheilsuteymis suður hófst um mitt ár og lögð drög að upphafi móttöku skjólstæðinga í janúar 2020, Teymið er til bráðabirgða staðsett í Álfabakka 16 en mun í framtíðinni vera staðsett í Bæjarlind, Kópavogi Geðheilsuteymi suður mun sinna íbúum Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs.

Fyrir rak Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) tvö geðheilsuteymi fyrir íbúa Reykjavíkur, annað fyrir austursvæði Reykjavíkurborgar með starfsstöð á Stórhöfða 23, hitt fyrir íbúa mið- og vestursvæðis borgarinnar með starfsstöð við Skúlagötu 21.

Í október var gerður samstarfssamningur við velferðarsvið Reykjavíkurborgar sem tryggir framlag félagsráðgjafa í báðum teymum sem nemur 100% starfshlutfalli í hvoru

teymi. Félagráðgjafarnir verða starfsmenn velferðarsviðs sem stendur straum af launum þeirra og öðrum kostnaði en munu í störfum sínum fyrir geðheilsuteymið heyra undir sömu stjórnendur og aðrir starfsmenn geðheilsuteymanna.

Samkomulagið getur orðið fyrirmynd að samstarfi á fleiri sviðum því meira eða minna öll þjónusta heilsugæslunnar hefur mikilvæga snertifleti við félagsþjónustu sveitarfélaganna. Kerfin hafa eftir megni reynt að vinna saman en formlegt samstarf eins og þetta getur gert vinnuna markvissari með bættri þjónustu við notendur.

Í desember var svo skrifað undir tímamótasamning þegar HH var falið að sinna geðheilbrigðisþjónustu við fanga í öllum fangelsum landsins. Stofnað verður sérhæft, þverfaglegt geðheilsuteymi fyrir fanga í þessu skyni sem mun starfa með og styðja við starfsemi heilsugæslunnar

í fangelsum. Byggt er á hugmyndafræði Geðheilsuteyma HH. Samningurinn sem er milli Sjúkratrygginga Íslands og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var undirritaður í fangelsinu á Hólmsheiði. Vonast er til að þetta fyrirkomulag muni færa geðheilbrigðisþjónustu í íslenskum fangelsum til þess sem best þekkist. Þessi niðurstaða er afrakstur metnaðarfullrar samvinnu heilbrigðis- og dómsmálaráðuneyta.

### MORGUNMÓTTÖKUR

Alltaf er verið að skoða leiðir til að bæta aðgengi að heilsugæslustöðvum okkar. Á árinu voru til dæmis gerðar tilraunir með morgunmóttökur í Heilsugæslunni Árbæ, Heilsugæslunni Mjódd og Heilsugæslunni Mosfellsumdæmi. Tilraunin gekk vel en þróunin verður væntanlega að auka aðgengi allan daginn í stað þess að vera með morgunmóttökur og síðdegisvaktir.



# SAMFÉLAGSVERKEFNI

## JAFNLAUNAVOTTUN

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) hefur lokið vinnu til að öðlast jafnlaunavottun. Jafnlaunagreining sýndi að kynbundinn launamunur er ekki til staðar hjá HH.

Í framhaldinu mun HH fara í gegnum formlega úttekt í byrjun árs 2020 og fá að því loknu staðfestingu þess að jafnlaunakerfi HH samræmist kröfum jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.

Megintilgangur jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnustöðum.

Með þessu á að tryggja jafnan rétt, jöfn laun og sömu réttindi og kjör fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kyni.

## HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Í júní var samkomulag um Heilsueflandi samfélag endurnýjað og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) kemur nú inn í þetta samstarf og fagnar möguleikunum sem verkefnið býður upp á. Einstakar heilsugæslustöðvar HH hafa áður tekið þátt í Heilsueflandi samfélagi í sínu nærumhverfi.

Markmið Heilsueflandi samfélags er að vinna með markvissum hætti að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Í slíku samfélagi er heilsa og líðan íbúa í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum. Með innleiðingu Heilsueflandi samfélags vinna sveitarfélög einnig að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Alma D. Möller landlæknir og Sigríður Dóra Magnúsdóttir framkvæmdastjóri lækninga hjá HH skrifuðu undir samkomulagið.





# BERKLAR OG MISLINGAR

## BERKLASMIT Í SKÓLA

Í heilsugæslu er mikilvægt að vera alltaf í viðbragðsstöðu þegar kemur að smitsjúkdómum. Í byrjun mars greindust berklar í skóla hér á svæðinu og því þurfti að berklaprófa alla nemendur, kennara og annað starfsfólk skólans, um 300 manns.

Allir lögðust á eitt um að gera þetta vel. Settar voru upp 4 starfsstöðvar í skólanum, mannaðar hjúkrunarfræðingum, eins og sjá má á myndunum. Skólastjórnendur stýrðu flæðinu og sáu um að allt væri bókfært. Þetta gekk eins og í sögu en verkefnið tók nokkra daga og sýnir sveigjanleikann sem er nauðsynlegur í starfseminni þegar óvæntar aðstæður koma upp.

## MISLINGARNIR

Þetta var þó einungis forsmekkurinn, því nokkrum dögum síðar greindist mislingasmit hérlendis. Í kjölfarið fór af stað umfangsmikið bólusetningaátak samkvæmt fyrirmælum sóttvarnarlæknis.

Á klukkutíma síðdegis föstudaginn 8. mars var skipulögð helgaropnun og fjöldabólusetning á 15 heilsugæslustöðum. Í fyrsta forgangi voru börn 6-18 ára og óbólusettir foreldrar þeirra, svo komu aðrir óbólusettir fæddir 1970 eða síðar. Talið var að þau sem eru fædd fyrir 1970 hafi líklegast fengið mislinga og voru þau því ekki í forgangi. Þeim stóð til boða bólusetning síðar.


Í síðustu viku mars var bólusetningu forgangshópa lokið og allir sem vildu gátu fengið bólusetningu. Facebook síða HH nýttist vel í að dreifa upplýsingum og netspjall Heilsuveru kom sterkt inn.

Mikið álag var að fletta upp hvort fólk hefði fengið bólusetningar ef fólk vissi ekki um skírteinin sín. Þeir sem ekki voru vissir með þetta gátu fengið bólusetningu.

Svona faraldrar sanna mikilvægi bólusetninga og minna á að ekki má sofna á verðinum.



# HEIMSÓKNIR Á HEILSUVERU



Heilsuvera er vefur fyrir almenning um þroska, heilsu og áhrifaþætti heilbrigðis. Heilsuvera er samstarfsverkefni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Embættis landlæknis, en einnig hefur starfsfólk annarra heilbrigðisstofnanna í landinu tekið virkan þátt í uppbyggingu vefsins auk nema í heilbrigðis- og menntavísindum.



Helstu þættir vefsins eru þekkingarvefur, þjónustuvefsjá, netspjall og Mínar síður. Umferð um vefinn jókst mikið á milli ára og á árinu 2019 voru 1,7 milljón heimsóknir á vefinn og ríflega 4 milljón flettingar. Um 70% þeirra sem koma inn á Heilsuveru skoða efni á þekkingarvefnum, en um 30% fara beint inn á Mínar síður. Um 450 kaflar um ólík efni eru á vefnum og voru þeir allir skoðaðir á árinu.

Á Mínum síðum Heilsuveru er öruggt vefsvæði þar sem hægt er að eiga í samskiptum við starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar og nálgast gögn úr eigin sjúkraskrá. Mínar síður eru á ábyrgð Embættis landlæknis en aðrir hlutar vefsins eru á ábyrgð HH.


Í þjónustuvefsjánni er hægt að nálgast upplýsingar um staðsetningu, þjónustu og símanúmer allra heilbrigðisstofnanna landsins.



## HVAÐAN OG UM HVAÐ ER SPJALLAÐ?



## NETSPJALL HEILSUVERU



Á netspjalli Heilsuveru er spurningum almennings um heilsutengd málefni svarað af hjúkrunarfræðingum. Á árinu 2019 komu 2815 netspjöll á Heilsuveru, en spjallið var opið í 5-6 klukkustundir alla virka daga. Ekki er nauðsynlegt að gefa upp nafn eða netfang til að spjalla en það gera 99% þeirra sem koma inn á spjallið.

Meirihluti þeirra sem koma inn á netspjallið voru konur, um 70%. Mikil ánægja hefur verið meðal notenda netspjallsins og um 90% þeirra sem notuðu þjónustuna gefa henni jákvæða umsögn.

Í marsmánuði var mikil aukning bæði í heimsóknnum á vefinn sem og á netspjallið, en þá aukningu má rekja beint til mislingafaraldursins sem geisaði í Evrópu á þeim tíma, og þeirra tilfella sem náðu til Íslands.




# HEILSUVERA - MÍNAR SÍÐUR

Samskiptamynstur skjólstæðinga HH við sína heilsugæslu hefur breyst síðastliðin ár.


Stór hluti samskipta á sér nú stað í gegnum Mínar síður á Heilsuveru. Eins og sést á þessum myndum hefur aukningin verið mikið undanfarin ár.

Hér er hægt að sjá að þessi þróun helst í hendur við minnkun á samskiptum í gegnum síma.


Rafræn samskipti í gegnum Heilsuveru 2014-2019



Fyrirspurnir/skilaboð



Lyfjaendurnýjun 2014-2019



# GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Ánægjulegt er að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur tekið þátt í að efla geðheilbrigðisþjónustu á fyrsta stigi heilbrigðiskerfisins. Sálfræðingar starfa á öllum heilsugæslustöðvum og í þremur geðheilsuteymum. Barnasálfræðingar starfa nú á öllum heilsugæslustöðvum okkar, en fullorðinssálfræðingar aðeins á 10 af 15 stöðvum. Markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að auka aðgengi fyrir alla að gagnreyndri sálfræðiþjónustu og fullmanna stöður barna- og fullorðinssálfræðinga á öllum stöðvum. Aðsókn að þjónustunni er mikil og ljóst að enn er þörf á að efla hana.

Barnasálfræðingar á heilsugæslustöðvum veita börnum meðferð vegna hegðunar- og tilfinningavanda og foreldrum þeirra ráðgjöf. Á nokkrum heilsugæslustöðvum eru hópnámskeið fyrir börn með kvíða eða depurð. Þjónusta fullorðinssálfræðinga felur í sér mat á vanda, meðferðaráætlun og sálfræðimeðferð, bæði einstaklings- og hópmeðferðir. Áhersla er lögð á meðferð við þunglyndi, kvíða og áföllum þar sem vandi er vægur eða miðlungs alvarlegur. Ef vandi reynist alvarlegur í matsviðtali eða þörf er á sérhæfðari þjónustu þá er vísað áfram í viðeigandi

meðferð t.d. til geðheilsuteyma eða þjónustu utan heilsugæslu. Þjónustan felur í sér einstaklings- og hópmeðferð.

Þjónusta geðheilsuteymanna er fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem greindir eru með geðsjúkdóma og þurfa á þverfaglegri aðstoð að halda ásamt þéttri eftirfylgd. Þjónustan er fyrir þá sem þurfa meiri og sérhæfðari þjónustu en er veitt á heilsugæslustöðvum.




# STARFSEMI OG STARFSÁNÆGJA

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tók þátt í árlegri starfsumhverfiskönnun Stofnun ársins. Þegar niðurstöður eru bornar saman við árið undan þá hækkar svarhlutfall könnunar 20% á milli ára. Jafnframt hækkar HH um 20 sæti í sínum flokki. Þeir þættir sem eru að koma út með hæstu einkunnirnar úr starfsumhverfiskönnunni hjá HH eru:

- 1) Starfsandinn, sem skorar hæst. Þetta felur í sér að starfsfólki finnst samskipti almennt opin á vinnustaðnum, starfsandinn sé afslappaður og ópvingaður ásamt því að fólki lyndir vel hvert við annað.
- 2) Stjórnun, en þar er starfsfólk almennt sammála að yfirmaður sé sanngjarn, virði fólkið sitt mikils og auðvelt sé að leita til hans.
- 3) Ánægja og stolt mælist jafn hátt og stjórnunarþátturinn. Þar kemur fram að starfsfólki líði almennt vel í starfi sínu, er ánægt og stolt í starfi ásamt því að geta mælt með HH sem góðum vinnustað.

Samkvæmt niðurstöðunum er almenn ánægja með vinnustaðamenningu stofnunarinnar en yfir 80% starfsmanna segjast vera ánægðir eða mjög ánægðir með menninguna. Helstu áskoranir sem Heilsugæslan stendur frammi fyrir er streita og álag hjá stofnuninni. Benda niðurstöður til að hluti starfsmanna upplifa álag í starfi sínu og nái ekki að sinna öllum verkefnum sínum innan hefðbundins vinnutíma.



# MANNAUÐUR 2019

## ÁRSVERK EFTIR STARFSSTÖÐVUM

Heilsugæslustöðvar	2019	2018
Heilsugæslan Árbæ	27,9	29,9
Heilsugæslan Efra Breiðholti	19,4	20,3
Heilsugæslan Efstaleiti	21,0	20,3
Heilsugæslan Fjörður	24,5	23,4
Heilsugæslan Garðabæ	25,0	24,5
Heilsugæslan Glæsibæ	16,9	17,3
Heilsugæslan Grafarvogi	24,3	28,0
Heilsugæslan Hamraborg	20,5	19,2
Heilsugæslan Hlíðum	20,1	18,6
Heilsugæslan Hvammi	18,1	20,1
Heilsugæslan Miðbæ	20,3	20,6
Heilsugæslan Mjódd	20,3	20,3
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	24,2	24,9
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	26,7	24,8
Heilsugæslan Sólvangi	32,4	32,3
<b>Heilsugæslustöðvar samtals</b>	<b>341,7</b>	<b>344,5</b>





# MANNAUÐUR 2019

## ÁRSVERK EFTIR STARFSSTÖÐVUM – FRH.

Sérþjónusta	2019	2018
Geðheilsa-eftirfylgd	0,0	2,6
Geðheilsuteymi HH austur	8,9	7,0
Geðheilsuteymi HH vestur	7,5	1,8
Geðheilsuteymi HH suður	0,9	
Göngudeild sóttvarna	5,7	5,4
Heimahjúkrun HH í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi	73,2	68,6
Þroska- og hegðunarstöð	23,3	24,2
Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu / Þróunarsvið	9,5	8,4
Skrifstofa	51,7	46,4
<b>Sérþjónusta samtals</b>	<b>180,8</b>	<b>164,4</b>
<b>Allar starfsstöðvar samtals</b>	<b>522,4</b>	<b>164,4</b>



# REKSTUR 2019

## REKSTRARYFIRLIT

Ársreikningurinn í heild verður birtur á vef HH, [www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)

(1) Stærsti hluti seldrar þjónustu eru framlög frá Sjúkratryggingum Íslands úr fjármögnunarlíkani fyrir heilsugæsluþjónustu á höfuðborgar-svæðinu.

Af öðrum eiginlegum sértekjum vega komugjöld þyngst, um 42%.

Tekjur	2019	2018	Breyting (%)
Ríkisframlag	2.853.800.000	2.201.741.016	29,6%
Seld þjónusta (1)	6.236.486.800	5.775.333.615	8,0%
Aðrar tekjur	264.161.389	275.145.123	-4,0%
<b>Tekjur samtals</b>	<b>9.354.448.189</b>	<b>8.252.219.754</b>	
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld	6.676.168.231	6.274.959.025	6,4%
Önnur gjöld	2.241.902.033	1.965.307.068	14,1%
<b>Gjöld samtals</b>	<b>8.918.070.264</b>	<b>8.240.266.093</b>	
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	1.700.361	1.569.673	8,3%
Vaxtatekjur, verðbætur og gengistap	(612.877)	(2.218.459)	-72,4%
<b>Afkoma ársins</b>	<b>437.465.409</b>	<b>11.304.875</b>	



# REKSTUR 2019

## KOSTNAÐUR SUNDURLIÐAÐUR EFTIR VIÐFANGSEFNUM

Heilsugæslustöðvar	2019	2018	Breyting (%)
Heilsugæslan Árbæ	558.055.557	535.976.596	4,1%
Heilsugæslan Efra Breiðholti	384.368.208	347.902.923	10,5%
Heilsugæslan Efstaleiti	357.059.899	340.701.507	4,8%
Heilsugæslan Fjörður	444.828.128	406.503.888	9,4%
Heilsugæslan Garðabæ	448.987.688	394.566.765	13,8%
Heilsugæslan Glæsibæ	331.368.883	320.152.934	3,5%
Heilsugæslan Grafarvogi	456.699.705	450.434.245	1,4%
Heilsugæslan Hamraborg	368.685.724	332.734.245	10,8%
Heilsugæslan Hlíðum	339.291.809	303.986.092	11,6%
Heilsugæslan Hvammi	312.846.251	320.022.238	-2,2%
Heilsugæslan Miðbæ	362.476.496	348.400.231	4,0%
Heilsugæslan Mjódd	308.130.911	299.609.732	2,8%
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	387.494.828	348.689.897	11,1%
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	489.398.694	436.164.171	12,2%
Heilsugæslan Sólvangi	598.746.031	528.700.676	13,2%
<b>Samtals</b>	<b>6.148.438.809</b>	<b>5.714.546.376</b>	



# REKSTUR 2019

## KOSTNAÐUR SUNDURLIÐAÐUR EFTIR VIÐFANGSEFNUM

(2) Geðheilsuteymi HH vestur hóf störf í september 2018 en lykilstarfsmenn tóku fyrr til starfa. Geðheilsa iðjuþjálfun hætti á svipuðum tíma.

(3) Geðheilsuteymi HH suður hóf formlega starfsemi í janúar 2020, en ýmis undirbúningsstarfsemi hófst á árinu 2019.

(4) Í mars 2019 tók HH að sér heilsugæsluþjónustu á Hólmsheiði með samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

(5) Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu varð sjálfstæð haustið 2018, en var áður Þróunarstofa og var hluti af skrifstofu. Hér hefur kostnað Þróunarstofu verið færður á Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu.

Sérþjónusta	2019	2018	Breyting (%)
Heimahjúkrun HH	782.684.996	718.226.539	9,0%
Þroska- og hegðunarstöð	291.661.867	277.140.758	5,2%
Göngudeild sóttvarna	156.975.177	142.898.602	9,9%
Geðheilsuteymi HH austur	120.967.955	99.497.569	21,6%
Geðheilsuteymi HH vestur (2)	107.837.458	37.779.587	185,4%
Geðheilsuteymi HH suður (3)	15.737.120		
Geðheilsuteymi iðjuþjálfun	1.090.467	34.432.882	-96,8%
Heilbrigðisþjónusta Hólmsheiði (4)	17.893.325		
<b>Samtals</b>	<b>1.476.955.040</b>	<b>1.309.975.937</b>	
<b>Skrifstofa og verkefni</b>			
Skrifstofa	669.261.146	661.536.670	1,2%
Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu (5)	200.090.367	149.438.957	33,9%
Deild rafrænnar þjónustu	204.100.273	205.318.682	-0,6%
<b>Samtals</b>	<b>873.622.791</b>		



# HEILDARSAMSKIPTI EFTIR STÖÐVUM

## TÖLUR MEÐ SÍÐDEGISVAKT (ÁN NÁMSKEIÐA)

	Viðtal	Símtal	Vitjun	Heilsuvera
Heilsugæslan Árbæ	41.226	27.269	732	12.166
Heilsugæslan Efra Breiðholti	24.057	27.304	212	8.669
Heilsugæslan Efstaleiti	26.031	18.477	426	6.076
Heilsugæslan Fjörður	30.063	22.954	409	7.987
Heilsugæslan Garðabæ	35.099	26.745	573	6.385
Heilsugæslan Glæsibæ	20.638	13.786	536	5.204
Heilsugæslan Grafarvogi	29.661	22.725	550	7.332
Heilsugæslan Hamraborg	24.116	16.735	466	7.972
Heilsugæslan Hlíðum	24.127	21.060	589	5.977
Heilsugæslan Hvammur	22.824	22.562	263	5.435
Heilsugæslan Miðbæ	26.565	19.748	460	4.582
Heilsugæslan Mjódd	22.098	17.524	409	6.740
Heilsugæslan Mosfellsbæ	23.346	18.937	463	7.250
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	36.633	28.822	874	11.356
Heilsugæslan Sólvangi	41.954	32.021	677	16.164



# FJÖLDI SAMSKIPTA EFTIR ÞJÓNUSTUFLOKKUM

## HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR - TÖLUR MEÐ SÍÐDEGISVAKT

	Viðtal	Símtal	Vitjanir	Heilsuvera	HAM
Almenn læknishjálp	260.166	254.952	147		
Hjúkrun	108.586	60.300	2.186		
Mæðravernd	22.119	8.278			
Ungbarnavernd	27.808	8.049	5.303		
Sálfræðiþjónusta	8.953	3.633			
Hreyfiseðlar	938	1.423			
Heilsuvera				119.279	
HAM námskeið					2.067
<b>Samtals</b>	<b>428.570</b>	<b>336.635</b>	<b>7.636</b>	<b>119.279</b>	<b>2.067</b>



# FJÖLDI SAMSKIPTA EFTIR FAGSTÉTTUM


## HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR - TÖLUR MEÐ SÍÐDEGISVAKT

	Viðtal	Símtal	Vitjanir	HAM
Læknar	282.673	260.096	191	
Hjúkrunarfræðingar / ljósmæður	162.313	78.611	7.494	62
Sálfræðingar	9.270	3.659		2012
Hreyfistjórar	984	1.429		
Annað	175	4		



# SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUM 2014-2019

Mikill vöxtur hefur verið í rafrænum Samskiptum undanfarin ár. Þessi þróun helst í hendur við minnkun á samskiptum í gegnum síma.





# SÉRÞJÓNUSTA

## FJÖLDI SAMSKIPTA

	Viðtal	Símtal	Vitjanir	HAM
Heimahjúkrun (með Mosfellsbæ)	86	19.142	122.965	
Hólmsheiði	916	84		
Geðheilsuteymi HH	4372	6559	1429	196
Göngudeild sóttvarna	7975	919		
Þroska- og hegðunarstöð	1860	1706		

Taflan var leiðrétt 19. apríl 2021



# HEILSUVERND SKÓLABARNA

## SKÓLAÁRIN 2018-2019 OG 2017-2018

Heilsuvernd skólabarna stendur fyrir skipulagði fræðslu um heilsu í öllum árgöngum.

Mismunandi áherslur eru í hverjum árgangi og er markmiðið að 80% nemenda fái viðkomandi fræðslu samkvæmt skipulagi.

Á skólaárinu 2018-2019 var fyrirkomulagi fræðslu breytt lítillega, sem útskýrir breytt hlutfall á milli skipulagðrar fræðslu og annarrar fræðslu miðað við fyrra skólaár.

	2018-2019		2017-2018	
	Skólar á vegum HH	Meðaltal á hvern nemanda	Skólar á vegum HH	Meðaltal á hvern nemanda
<b>Fræðsla samkvæmt skipulagi</b>	65.231	2,6	85.694	3,4
<b>Önnur fræðsla</b>	66.828	2,7	51.684	2,1
<b>Viðtöl um heilsu og líðan</b>	9.538	0,4	9.255	0,4
<b>Bólusetningar</b>	7.440	0,3	6.960	0,3
<b>Einstaklingsþjónusta</b>	33.296	1,3	33.477	1,3
<b>Skimanir</b>	19.993	0,8	19.891	0,8
<b>Samtals fræðsla</b>	202.326	8,1	206.961	8,3
<b>Nemendafjöldi</b>	25.061		24.842	



# ÞROSKA- OG HEGÐUNARSTÖÐ

## FJÖLDI SAMSKIPTA

Þroska- og hegðunarstöð veitir 2. stigs þjónustu á landsvísu fyrir börn í grunn- og framhaldsskólum að 18 ára aldri. Í þjónustunni felst greining, ráðgjöf, meðferð og fræðsla vegna taugaprósakaraskana og annarra erfiðleika í hegðun eða líðan. Þroska- og hegðunarstöð á reglulegt samstarf við mennta-, félags- og heilbrigðisþjónustuveitendur víðsvegar um landið.

	2019	2018
<b>Nýjar tilvísanir</b>	<b>536</b>	<b>520</b>
Tilvísanir í nánari greiningu (ADHD og skyldar raskanir)	515	494
Tilvísanir í frumgreiningu	21	26
<b>Tilvísanir afgreiddar á árinu</b>	<b>418</b>	<b>490</b>
<b>Formlegt greiningarferli</b>	<b>318</b>	<b>379</b>
Þar af frumgreining þroskafrávika	12	23
Þar af nánari greining á ADHD og skyldum röskunum	306	358
<b>Þátttakendur á færniþjálfunarnámskeiðum fyrir foreldra/börn</b>	<b>291</b>	<b>285</b>





**HEILSUGÆSLA**  
**HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**

**- hér fyrir þig -**